

EYSTRAHORN

19.tbl. 41. árgangur

25.maí 2023

www.eystrahorn.is



Vestrahorn
ljósmynd Jón Þórðarson

Jón Þórðarson

TÓNLISTARVEISLA Á HÖFN UM SJÓMANNADAGSHELGINA



Hornfirðingar eiga von á mikilli tónlistarveislu um Sjómannadagshelgina þar sem Grétar Örvarsson hefur stefnt fjölda landsþekktu tónlistarmanna til Hafnar þá helgi. Föstudagskvöldið 2. júní verða tónleikarnir Sunnanvindur í Hafnarkirkju þar sem Grétar mun flytja eftirlætislög föður síns, Hornfirðingsins Örvars Kristjánssonar harmónikkuleikara, ásamt Ástu Soffíu Þorgeirsdóttur, Sigríði Beinteinsdóttur og Ragnari Eymundssyni. Ásta Soffía er einn fremsti harmónikkuleikari landsins og hefur leikið með Grétari víða um land á undanföllum mánuðum. Tónleikarnir Sunnanvindur hafa heldur betur slegið í gegn og verið fluttir fjórum sinnum í Salnum í Kópavogi og tvisvar í Hofi Akureyri, alltaf fyrir fullu húsi.

“Ég flétta saman eftirlætislögum pabba og mínum í bland við skemmtilegar sögur og hlakka alltaf mikið til að koma austur og hitta Hornfirðinga”, sagði Grétar og bætti við að von væri á óvæntum gestum á tónleikana.

Laugardagskvöldið 3. júní spilar Stjórnin með Siggú og Grétari ásamt sérstökum gestasöngvara, Stefáni Hilmarssyni. Þau halda uppi fjörinu á dansleik í íþróttahúsinu fram á nótt. Á borðhaldinu munu þau einnig flytja lagasyrpur til að hita upp fyrir ballið.

Sunnudaginn 4. júní leikur Ásta Soffía í Sjómannadagsmessu í Hafnarkirkju. Síðar sama dag munu þau Grétar skemmta heimilisfólkinu á Skjólgarði.

Það er því ljóst að allir munu finna eitthvað við sitt hæfi á Höfn um Sjómannadagshelgina!

GALLERÍ GOLF OPNAÐ Á SILFURNESVELLI

Kristín Jónsdóttir hefur tekið við golfskálanum þar sem hún rekur kaffihúsið Gallerí Golf. Þau opnuðu formlega 1.mái með golfmóti sem var vel sótt og vel lukkað. Kristín segist hafa hugsað lengi um að opna kaffihús og lét loksins slag standa. Hún hefur langa og mikla reynslu af því að starfa í matargerð en aldrei verið með rekstur sjálf.

Kristín segist spennt fyrir sumrinu sem fer vel að stað. Gallerí Golf er staður sem fólk getur komið saman og notið útsýnisins yfir góðum kaffibolla og léttum veitingum. „Þú þarft ekki að eiga golfkylfu til þess að koma, hingað eru allir velkomnir“ segir Kristín. Í boði eru léttar veitingar sem gott er að grípa með sér á milli golfhringa, svo gæti bæst í hann súpur og pasta þegar líður á sumarið. Kristín segir móttökurnar hafa verið mjög góðar og þegar hafa margir kíkt í heimsókn.

Kristín tekur einnig við hópabókunum fyrir minni hópa í léttar veitingar, fyrir hin ýmsu tilefni, og segir hún bókanir nú þegar farnar af stað.

Sunnudaginn 28.mái ætla Kristín að vera með opið hús og bjóða gestum og gangandi upp á kleinur og kaffi í boði hússins, hún hvetur alla til þess að heilsa upp á hana og sjá hvað Gallerí Golf hefur upp á að bjóða.

Gallerí Golf verður opið alla daga frá 10:00-20:00 í sumar þar sem Kristín tekur vel á móti öllum sem eiga leið hjá. Frekari upplýsingar má finna á facebook og instagram síðu:

<https://www.facebook.com/gallerigolf>
<https://www.instagram.com/gallerigolf/>

Eystrahorn þakkar Kristínu fyrir spjallið og óskar henni góðs gengis með Gallerí Golf





Sunnanvindur

— Eftirlætislög Örvars Kristjánssonar —

Tónleikar í Hafnarkirkju Föstudaginn 2. júní kl. 20:30

Grétar Örvarsson · Sigríður Beinteinsdóttir · Ásta Soffía Þorgeirsdóttir

Miðaverð kr. 4.000 · Miðsala við innganginn.

© SIGURÐUR ÓLAFSSON EHF



MENNINGARMIÐSTÖÐ
HORNAFJARÐAR

STJÓRNIN

ÁSAMT STEFÁNI HILMARSSYNI

Miðaverð á dansleik í
forsölu 5.000 kr

Forsalan á dansleik er hjá Ástu
til hádegis fimmtudaginn 1. júní

Miðaverð við hurð 6.000 kr

Miðaverð á mat, skemmtun og dansleik 16.900 kr
Hvetjum sem flesta til að næla sér í miða á þessa frábæru skemmtun!

Miðapantanir eru til hádegis þriðjudaginn 30. maí hjá Ástu Steinunni í síma 470-8145 á vinnutíma
eða á sjomannadagsradhornafjarðar@gmail.com

KJÖRSKRÁ

Framlagning kjörskrár vegna íbúakosninga 19. Júní – 10. Júlí - **kjörskrá** mun liggja frammi almenningi til sýnis á bæjarskrifstofunum í Ráðhúsinu til og með föstudagsins 16. júní á almennum skrifstofutíma.

Kjörskráin miðast við skráð heimilisfang hjá þjóðskrá 12. maí 2023

Bókari óskast



Ajtel Iceland leitar að bókara í **50% starf** sem getur hafið störf í sumar.

Reynsla með DK, Office og almenn tölvukunnátta eru skilyrði.

Áhugasamir hafa samband við:

Jón Áka Bjarnason forstjóra í síma **859-9852** eða netfangið **jonaki@ajtel.is / qc@ajtel.is**

Ajtel Iceland
Ófeigstangi 9
780 Höfn

Spennandi og skemmtilegt störf í boði hjá Fimleikafélagi Sindra.

Fimleikafélag Sindra óskar eftir fimleikapjálfurum.

- Fyrir leikskólafimleika.
- Hópfimleika 6 ára og uppúr.
- Allt frá þjálfun eins flokks upp til 50% starf. Starfshlutfall er umsemjanlegt.
- Viðkomandi þarf að geta hafið störf 1.sept eða aðeins fyrr.

• Hæfniskröfur

- Reynsla af fimleikum.
- Hreint sakavottorð.
- Íslensku og ensku kunnátta.
- Góðir samskiptahæfileikar.
- Menntun sem nýtist í starfi er kostur.
- Reynsla af vinnu með börnum er kostur.

Fyrir frekari upplýsingar um starfið og umsóknir má hafa samband við stjórn félagsins á

fimleikar@umfsindri.is eða í síma 894-4391 Fjóla



Lifandi vafi
Lifandi vafi með lífandi vafi

Dagskrá vikunnar

Almennar samkomur
sunnudaga klukkan 13:00

Bænastundir
fimmtudaga klukkan 19:30

Við höfum til að sjá þig

Jesús segir:
Ei nokkurn þyrstir þú komi hann til min og drekkt. Þú hefur þess sem trúa á mig munu renna

Úrval af góðum rúmum falleg gjafavara við öll tækifæri



S: 478-2535 / 898-3664
Opíð virka daga kl.13-18



Austurbraut 20 Sími: 662-8281
Útgefandi: Eystrahorn ehf.
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður: Arndís Lára
Kolbrúnardóttir
Netfang: arndis@eystrahorn.is

Profarkalestur: Guðlaug Hestnes
Umbrot: Arndís Lára Kolbrúnardóttir
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126



MÁLFRÍÐUR MALAR

Þvílíkirkir ódámur! Ég er alveg miður mín og Sísí vinkona mín líka. Við vorum á okkar daglegu skemmtigöngu þegar tvær manneskur á einu hlaupahjólí þeyttust framúr okkur á gangstígnum á móts við N1. Ekki nóg með það að þessir ódámur voru tveir á farartækinu, heldur voru þeir ekki með hjálma og þeir orguðu bííp kellingar þegar þeir þeyttust framhjá. Við fengum báðar næstum því hjartaáfall! Við ákváðum að láta ekki staðar numið og héldum áfram sem leið lá beint að N1 og þar fyrir utan fundum við sökudólgana eða næstum því. Fyrir utan N1 voru sex svört og græn hlaupahjól öll merkt HOPP! Hvað er eiginlega að fullorðnu fólki að halda þessari vitleysu og stórhættulegu farartækjum að unga fólkinu okkar? Vita ráðamenn HOPP

ekki að það er stórhættulegt að vera á þessum hjólum eins og gangstéttarnar eru útlítandi í innbænum? Svo hef ég heyrð að það eru ekki bara unga fólkið sem þeysist um á þessu. Í fréttum heyrði ég að fólk sem er úti á lífinu um helgar er að koma sér á milli staða á þessum tækjum. (Hér áður fyrir mátti maður ekki einu sinni vera ölvaður á reiðhjólí, hvað þá meira!). Fyrir utan það að hversu hættulegt það er að ferðast á þessum skaðræðisgripum þá liggja þeir eins og hráviður út um allt. Þetta er hreinlega subbulegur útgangur að sjá gangstígana yfirfulla af liggjandi hlaupahjólum sem einhverjir hafa lagt frá sér þegar inneignin þeirra er búin og hjólíð neitar að halda áfram. Mér finnst, þó ólekkert sé, að Hopp megi bara hoppa upp í óæðri endann á sér!

Málfríður

VORHÁTÍÐ FAS

Þann 9. maí síðastliðinn opnaði Framhaldsskólinn í Austur- Skaftafellssýslu dyrnar fyrir Hornfirðingum og bauð til Vorhátíðar. Til sýnis á hátíðinni voru verkefni nemenda sem unnin voru á liðnu skólaári og var þeim raðað eftir áföngum inn í skólastofur. Gátu þá gestir gengið á milli stofa og virt fyrir sér afrakstur skólaársins í máli og myndum.

Verkefni á listasviði skólans voru hlutskörpust á hátíðinni og má þar nefna tónlistaratriði, upplestur frumsaminnna leikrita, myndlistarsýning, sýningar á kvikmyndum og saumaskap nemenda. Einnig voru til sýnis verkefni frá áföngum í íslensku, umræðupunktur úr heimspæki, verkefni frá erlendum samstörfum og umhverfis- og auðlindafræði, sem og var kynning á núvítund og jóga, sem er nýjung

í kennslu við skólann. Til að kóróna stemninguna buðu nemendur upp á kaffi og með því til að auðvelda skrafið á milli þess sem verkefni voru skoðuð.

Þetta framtak heppnaðist mjög vel og var gaman að sjá hversu fjölbreytt námsframboð skólans er og hversu athafnasamir og skapandi nemendur eru í sínu námi. Hér má sjá myndir frá hátíðinni.



UPPSKRIFT VIKUNNAR

Rjúpnasnittur eftir Braga Fannar Þorsteinsson

Ég tek glaður við mataráskorun frá Ragnari bróður mínum og kann honum bestu þakkir fyrir. Það er hefð á mínu heimili að framreiða rjúpur í forrétt á aðfangadag og fær kokkurinn frjálsar hendur hvað varðar framsetningu. Uppskriftin sem ég deili hér með lesendum varð til um síðstu jóla. Mig langaði að framreiða rétt sem allir við borðið myndu njóta þess að snæða. Rjúpnabragðið er afgerandi og dásamlega gott, en getur verið yfirþyrmandi fyrir þá sem ekki eru vanir því.

Ég ætla að skora á frænda minn, góðan vin og veiðifélaga hann Jóhann Helga Stefánsson til að koma með næstu uppskrift.



Hráefni

Snittur

1 snittubrauð
Rjúpnabringur
Klettasalat
Bláberjasulta

Gráðaostasósa:

200 gr sýrður rjómi
2 msk rjómaostur
½ - 1 msk gráðaostur (fer eftir smekk)
Safi úr hálfri sítrónu
Salt og pipar

Sýrður rauðlaukur

1 stk rauðlaukur
1,5 dl edik
3 msk sykur

Aðferð

1. Skerið snittubrauðið í sneiðar og penslið með ólífuolíu. Ristið brauðið í ofni á 200°C.

2. **Gráðaostasósa:** Setjið sýrðan rjóma, rjómaost, gráðaost og smá sítrónusafa í matvinnsluvél og blandið vel saman. Smakkið til og bætið við salti, pipar og sítrónusafa eftir þörfum.

3. **Sýrður rauðlaukur:** Skerið rauðlaukinn í tvennt og síðan í sneiðar. Setjið edik og sykur í skál. Bætið rauðlauknum út í skálina og blandið saman. Kælið í ísskáp í a.m.k. 1 klst.

4. **Rjúpa:** Hitið ólífuolíu og smjör á pönnu. Saltið og piprið rjúpnabringurnar. Þegar að pannan er orðin vel heit þá eru bringurnar settar á og steiktar í 1 mínútu á hvorri hlið. Mikilvægt er að láta bringurnar hvíla í 10-15 mínútur eða þar til þær eru orðnar medium rare. Skerið bringurnar í sneiðar.

5. **Samsetning:** Smyrjið gráðaostasósu á hverja brauðsneið. Setjið klettasalat ofan á sósuna. Raðið nokkrum sneiðum af rjúpu ofan á, síðan er sýrði rauðlaukurinn settur og að lokum er smá bláberjasulta sett á toppinn.

SPURNING VIKUNNAR

Hvað þýðir orðið frumsafrumsa?



Ellý María Guðmundsdóttir
Kona sem er mikil frekja



Þórdís Einarsdóttir
Verklag.




Guðmundur Ólafsson
Einhverskonar veðurlag



Jóna Margrét Jónsdóttir
Að strunsa

Svar: Skýring skv. íslenskri orðabók þýðir orðið frumsafrumsa- fyrsti kálfur sem kýr (og tarfur) eignast

ORÐALEIT



- FRUMSAFROMSA
- GOLFKÚLA
- SAMGÖNGUMIÐSTÖÐ
- SVÍÐINGUR
- SÍNKRUR
- BÚSTINN
- BÚSSA
- VÆTUSKÚFUR
- SÚKKULAÐISJEIK
- LOÐFELDUR



HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

Spennandi framtíðarstarf í Húsasmiðjunni á Höfn. Vilt þú vera með okkur í liði?

Við leitum að jákvæðum og metnaðarfullum aðila til þess að bætast í hóp öflugra starfsmanna Húsasmiðjunnar á Höfn. Um er að ræða fjölbreytt framtíðarstarf söluráðgjafa í verslun. Við leitum að aðila sem hefur jákvætt hugarfar og metnað fyrir því að veita framúrskarandi þjónustu til okkar viðskiptavina.

Vinnutími er frá 8:00-17:00 virka daga og frá 10:00-14:00 annan hvern laugardag.

Helstu verkefni:

- Sala, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini
- Móttaka vöru, tiltekt og afgreiðsla pantana
- Önnur tilfallandi verslunarstörf

Hæfniskröfur:

- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð, skipulög og vönduð vinnubrögð
- Stundvísi, reglusemi og snyrtimennska
- Sterk öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta

**Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.
Hvetjum öll áhugasöm til að sækja um óháð kyni.**

Nánari upplýsingar um starfið gefur Kristján Björgvinsson rekstrarstjóri á venni@husa.is. Umsóknarfrestur er til 31. maí. Öllum umsóknum verður svarað. Sótt er um á ráðningarvef Húsasmiðjunnar www.husa.is/laus-storf

Skannaðu QR kóðann og skoðaðu starfið



Gildin okkar

Áreiðanleiki

Þjónustulund

Þekking

Húsasmiðjan er lífflegur vinnustaður með góðan starfsanda og sterka liðsheild. Húsasmiðjan leggur áherslu á að nýta til hins ýtrasta hæfni, frumkvæði og þekkingu samhents hóps rúmlega 500 starfsmanna sem starfa hjá fyrirtækinu. Lögð er rík áhersla á símenntun og fræðslu og að starfsmenn eigi þess kost að eflast og þróast í starfi.

